


## ✉ Re: Umsagnaraðili: Langanesbyggð - tillaga

Búið til	31.8.2022 11:29:28
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	31.8.2022 11:29:27
Tilheyrir	 202203-0062 - Langanesbyggð - skipulagslýsing

### Efni

Re: Umsagnaraðili: Langanesbyggð - tillaga

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	31.8.2022 11:29:27	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@langanesbyggd.is
Cc	anna@tsnl.is

### Innihald

Sæl, meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202203-0062 (BK, LA).

Vísað er til tölvupósts frá Teiknistofu Norðurlands, fyrir hönd Langanesbyggðar, dags. 1. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan fjallar um breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 um veglínu Brekknaheiðarvegur.

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn 12. apríl s.l. um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Langanesbyggðar og hefur kynnt sér núverandi tillögu. Ekki er að sjá að breytingar hafi verið gerðar á fyrirhugaðri veglagningu frá síðustu umsögn og því vill stofnunin ítreka fyrri athugasemdir:

Fyrirhuguð breikkun og ný veglagning er á stofnvegi frá Langanesvegi við Þórshöfn um Brekknaheiði að núverandi slitlagsenda í Vatnadal. Framkvæmdin fylgir að mestu núverandi vegi. Mólendi, aðallegafjalldrapamóavist, eru ríkjandi á svæðinu en inn á milli eru votlendisflákar, einkum brokflóavist og tjarnastararflóavist en einnig starungsmýravist og runnamýravist, allt vistgerðir með mjög hátt verndargildi.

Á allnokkrum stöðum við fyrirhugað vegstæði eru yfir 2 ha samfelldir votlendisflákar og falla því undir 61.gr. náttúruverndarlaga. Mögulega er útbreiðsla votlendis nokkuð meiri á svæðinu en vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands gefur til kynna en fjalldrapi og víðir eru sums staðar áberandi innan um votlendisgróður og því getur verið erfitt að greina runnaríkt votlendi frá fjalldrapamóavist. Í ofangreindum vistgerðum má einnig gera ráð fyrir miklu fuglalífi, svo sem háum þéttleika heiðlóu, lóupræls, hrossagauks, spóa, óðinshana, þúfutittlings, rjúpu og kjóa.

Að teknu tilliti til mögulegra áhrifa fyrirhugaðra vegaf framkvæmda á verðmætar vistgerðir og fuglalíf er það mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að full ástæða sé til að kanna betur þessa umhverfisþætti innan framkvæmdarsvæðis með athugunum á vettvangi.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

www.ni.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Anna Kristín landslagsarkitekt" <anna@tsnl.is>

**To:** "Skipulag" <skipulag@langanesbyggd.is>

**CC:**

**Subject:** Umsagnaraðili: Langanesbyggð - tillaga

**Date:** 1.7.2022 15:15:11

Góðan daginn

Fyrir hönd Langanesbyggðar sendum við á Teiknistofu Norðurlands hér með tillögu að aðalskipulagsbreytingu til umsagnaraðila skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan fjallar um breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 um veglínu Brekknaheiðarvegar.

Umsagnir og ábendingar skulu sendar fyrir 31. ágúst á netfangið skipulag@langanesbyggd.is (mailto:skipulag@langanesbyggd.is) eða skrifstofu Langanesbyggðar, Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn.

Tillagan ásamt bréfi til umsagnaraðila er í viðhengi með tölvupósti þessum.

*Bestu kveðjur, Anna*

**Anna Kristín Guðmundsdóttir**

**Landslagsarkitekt FÍLA**

TSNL | Teiknistofa Norðurlands

Glerárgata 32 - 600 Akureyri - tsnl.is (<http://tsnl.is/>)



## Viðhengi

image001.png (11 KB)